

Minning

## Sigfús Arnar Ólafsson, heilsugæslulæknir

Fæddur 13. mars 1941 – Dáinn 30. janúar 2003

EITTHVERT FRÆGASTA erfiljóð íslenskrar tungu er kvæðið sem Bjarni Thorarensen orti um lækinn og vin sinn Odd Hjaltalín. Bjarni títundar þar mannkosti Odds og þá sérstaklega að hann hafi aldrei bundið bagga sína sömu hnútum og samferðamennirnir. Hann hafi ekki fetað þann slóða sem viðurkenndur og fyrirsjáanlegur er, en það hafi fremur styrkt hann en veikt. Kvæðinu lýkur á þessum orðum:

*En þú sem undan  
ævistaumi  
flýtur sofandi  
að feigðarósi  
lastaðu ei laxinn  
sem leitar móti  
straum sterklega  
og stiklar fossa.*

Þetta kvæði Bjarna flaug mér í hug þegar ég spurði andlát Sigfúsar Arnars Ólafssonar; en hann var óumdeilanlega í hópi þeirra hæfileikamanna sem lækna-stéttin hefur átt innan vébanda sinna. Hann fór ávallt sínar eigin leiðir og þær voru ekki alltaf þær greiðfær-ustu. Sigfús var orðinn 37 ára gamall þegar hann inn-ritaðist í læknaeild Háskóla Íslands árið 1978, en áður hafði hann lokið prófi sem búfræðikandidat frá Búnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn árið 1965 og licenciat í jarðvegsfræði frá sama skóla árið 1974.

Fyrstu árin í læknaeild hafa jafnan þótt strembin. Það þótti því tíðindum sæta að Sigfús vann í hálfu starfi sem jarðfræðiráðunautur með náminu í lækna- eild sem er mjög óvenjulegt. Líklegt er að fyrri skólaganga Sigfúsar, námsögun og lífsreynsla auk frá- berra námshæfileika hafi skipt mestu máli við lækna- námið. Sigfús brautskráðist frá læknaeild árið 1984. Að loknu kandidatsnámi fór hann til Svíþjóðar til framhaldsnáms og fékk sérfræðiréttindi í heimilis- lækningum árið 1990. Sigfús réðst til starfa sem heilsugæslulæknir á Hólmavík og starfaði þar í tíu ár. Haustið 2001 flutti Sigfús sig um set yfir til Blöndu- óss, en þá átti hann hægar um vik með að nýta frí- stundir sínar við að endurreisa ættarsetur sitt í Gröf á Höfðaströnd í Skagafirði.

Sigfús var fámáll maður í fjölmenni, en tveggja manna tal átti betur við hann. Annars var hann mest fyrir það að láta verkin tala. Hann var samviskusam- ur, ósérhlífinn og ákaflega jarðbundinn í orðsins fyllstu merkingu. Þessir eiginleikar nýttust Sigfúsi vel í læknisstarfi í strjálbýlu læknishéraði þar sem snjó- lög geta verið mikil á vetrum og oft ekki fært að vitja sjúklinga nema á skíðum eða á vélsleða. Eins og með marga þrautseiga héraðslækna var það afstaða hans að slíkur starfsvettvangur væri spurning um lífsstíl fremur en um réttindi og kjör.

Ég var svo lánsamur að vera mörg sumur í sveit hjá foreldrum Sigfúsar, Svönu og Ólafi í Gröf. Þar kynnt- ist ég Fúsa eins og hann var oft kallaður, en hann var þá nokkrum árum eldri en ég. Við krakkarnir litum ávallt upp til Fúsa, enda var hann hörkuduglegur til allra verka. Þegar hlé gafst frá búverkum spilaði hann fótbolta, fékkst við hestatamningu, tefldi skák eða las bækur. Hann hafði ákveðnar skoðanir á því hvernig stjórna ætti búskapnum í Gröf og lenti oft í kappræðum við Ólaf bónda föður sinn um þau mál. Eftir að Sigfús fór í læknaeild og síðar í heimilislæk- ningar gafst mér aftur tækifæri til að endurnýja gömul kynni mér til mikillar ánægju.

Sigfús greindist með lungnakrabbamein fyrir rúmu ári, sem síðar dró hann til dauða langt fyrir aldur fram. Læknasamtökin, sveitungar Sigfúsar, ættingjar og vinir hafa nú misst góðan dreng.

*Jóhann Ág. Sigurðsson*

